



1. kafli – Um tungumálið

Íslenska og önnur mál


Íslenska er indóevrópskt tungumál.



Íslenska er norðurgermanskt mál.



Íslenska er vesturnorrænt mál. Þau tungumál sem eru skyldust (líkust) íslensku eru færeyska og nokkrar norskar mállýskur. Danska og sænska eru austurnorræn mál.



Málkerfi íslensku

Íslenska er beygingamál.

Í íslensku eru fjögur föll, þrjú kyn og tvær tölur.

Fallorð

Nafnorð hafa fjögur föll.

Lýsingarorð, fornöfn og töluorð (1-4) hafa líka fjögur föll.

Hér er	einn	falleg-ur	hest-ur	(nefnifall)
Ég sé	einn	falleg-an	hest-	(þolfall)
Ég datt <i>af</i>	ein-um	falleg-um	hest-i	(þágufall)
Ég geng <i>til</i>	ein-s	falleg-s	hest-s	(eignarfall)

Nafnorð hafa þrjú kyn. Sum eru í karlkyni, önnur í kvenkyni eða enn önnur í hvorugkyni.

karlkyn	→	hestur
kvenkyn	→	tölva
hvorugkyn	→	land

Lýsingarorð, flest fornöfn, greinir og töluorðin 1-4 hafa líka þrjú kyn.

karlkyn	→	<i>fallegur</i> hestur	–	hesturinn minn	–	<i>einn</i> hestur
kvenkyn	→	<i>falleg</i> tölva	–	tölván mín	–	<i>ein</i> tölva
hvorugkyn	→	<i>fallegt</i> land	–	landið mitt	–	<i>eitt</i> land

Nafnorð hafa tvær tölur:

eintala → hestur fleirtala → hestar

Sagnorð

Sagnir hafa tíð, persónu, tölu, hátt (framsöguhátt, viðtengingarhátt...) og mynd (germynd, þolmynd...).

nú tíð:	eintala	fleirtala
	1. p.) Ég borða brauð	(1. p.) Við borðum ...
	(2. p.) Þú borðar ...	(2. p.) Þið borðið ...
	(3. p.) Hann borðar ...	(3. p.) Þau borða ...
þá tíð	(1. p.) Ég borðaði brauð	(1. p.) Við borðuðum ...
	(2. p.) Þú borðaðir ...	(2. p.) Þið borðuðuð ...
	(3. p.) Hann borðaði ...	(3. p.) Þau borðuðu ...

Orðaröð

Grunnorðaröð í íslensku er FSA (SVO); frumlag (e. *subject*), sögn (e. *verb*), andlag (e. *object*).

<i>Ég</i>	<i>borða</i>	<i>brauð</i>
frumlag	sögn	andlag

Áhersla

Það eru ekki alltaf sömu reglur um áherslu í öllum tungumálum. Í íslensku er áherslan alltaf á fyrsta atkvæði orðsins. Í atkvæði er eitt sérhljóð (einhljóð eða tvíhljóð), eitt eða fleiri samhljóð geta síðan verið á undan eða eftir sérhljóðinu.

'fáni, 'hestur, 'rósin,
'hundurinn
'ættingi
'mánuður
Hann er frá 'Bandaríkjunum

Í samsettum orðum fær fyrsta atkvæði seinni liðar aukaáherslu.

forseta,frú bókmennta,saga uppþvotta,vél

Orðaforði

Samgermönsk orð: hús, bróðir, land, þú

Séríslensk orð: ætla, stelpa, strákur, þegar

Nýyrði: tölva, alnæmi, veira
 háskóli, jarðfræði, myndavél
 sími, skjár, mús, blak

Tökuorð:

Í íslensku eru mörg orð sem eru komin úr öðrum málum; gardína, kók, penni.

janúar kemur úr latínu

sjoppa kemur úr ensku

kommóða kemur úr dönsku

Þessi orð eru kölluð tökuorð. Flest koma þau úr ensku eða dönsku. Tökuorð eru stafsett samkvæmt íslenskum framburði og sömu áherslureglur gilda um tökuorð og önnur orð í íslensku.

appelsína, banani, djús, familía, hótél, jeppi,
kók, mubla, október, pólitíkus, rúta, stress

Verkefni 1.1

1. Æfið framburð og áherslur eftirfarandi orða: appelsína, disklingur, háskólakennari, tölvuborð, viðskipti, þjóðerni.

2. Talið fjögur saman. Hvernig eru áherslureglur í móðurmáli ykkar?

3. Þekkið þið þessi orð? Skoðið stafsetningu þeirra.

ananas	kíví	sexí
bíó	koniak	sígaretta
filma	kúl	sítróna
gíraffi	næs	tennis
indíáni	rómantík	viskí

4. Skoðaðu eftirfarandi orðapör. Hver er munurinn á orðunum í A og B?

A	B
rúta	langferðabíll
djús	safi
traktor	dráttarvél
vídeó	myndband, myndskaið
seifa	vista
dánlóða	niðurhala, hala niður, hlaða niður
kósí	notalegt

{
Au/au, (auga)
Ei/ei, (nei)
Ey/ey (eyja)
}

Íslenska stafrófið

Íslenska stafrófið samanstendur af eftirfarandi stöfum:

Aa = a	Gg = gé	Nn = enn	Úú = ú
Áá = á	Hh = há	Oo = o	Vv = vaff
Bb = bé	Ii = i	Óó = ó	Xx = ex
Dd = dé	Íí = í	Pp = pé	Yy = ufsilon i
Ðð = eð	Jj = joð	Rr = err	Ýý = ufsilon í
Ee = e	Kk = ká	Ss = ess	Þþ = þorn /þodn/
Éé = é /je/	Ll = ell /edl/	Tt = té	Ææ = æ
Ff = eff	Mm = emm	Uu = u	Öö = ö

- Stafurinn é stendur fyrir samhljóð + sérhljóð /je/.

- Eftirfarandi stafasambönd standa fyrir tvíhljóð: au, ei, ey.

Sami framburður:

y = i kyssa, kisa, hissa, byssa

ý = í tína, týna, líta, rýndu, tíska, fill, fýll

ey = ei sveit, eyja, leigja

Cc = sé

Ww = tvöfalt vaff

Qq = kú

Zz = seta

- Z var tekin út árið 1974 vegna þess að í framburði var Z=S.
- C, Q, W, og Z eru ekki íslenskir stafir. Þeir koma þó fyrir í sérnöfnum og ættarnöfnum.

Íslensk stafrófsvísa

A, á, b, d, ð, e, é,

f, g, h, i, í, j, k.

L, m, n, o, ó og p

eiga þar að standa hjá.

R, s, t, u, ú, v næst,

x, y, ý, svo þ, æ, ö.

Íslenskt stafróf er hér læst

í erindi þessi skritin tvö.

(Þórarinn Eldjárn)

Stór og lítill stafur

Hvenær skrifum við stóran staf?

- Í upphafi setninga
- Í sérnöfnum
 - Nöfn fólks: Kjartan Guðmundsson, Bára Briem
 - Nöfn landa: Bandaríkin, Kína
 - Nöfn borga: París, Moskva
 - Nöfn þjóða: Danir, Ítalir

Hvenær skrifum við lítinn staf í sérnöfnum?

- Nöfn á tungumálum: íslenska, víetnamska
- Nöfn á vikudögum: þriðjudagur, sunnudagur
- Nöfn á mánuðum: janúar, febrúar
- Nöfn á hátíðisdögum: jól, páskar, hvítasunna

Sjá *Ritreglur* á heimasíðu
Stofnunar Árna
Magnússonar, arnastofnun.is

Verkefni 1.2

1. Stafið eftirfarandi orð: stelpa, ausa, eyja, strákur, bíll, þvottur, Guðrún, örn, háskóli, tré

2. Raðið nöfnunum í stafrófsröð. Settu 1-10 fyrir framan nöfnin. Talið síðan saman. Hvað gerir Eva? Hvar býr hún? Hvað er símanúmerið hjá henni?

	Nafn	starfsheiti	heimilisfang	símanúmer
	Eva Sigfúsdóttir	kaupmaður	Hólabraut 2 220 Hafnarfjörður	5658612
1.	Birna Ólafsdóttir	hjúkrunarfræðingur	Skipasundi 32 104 Reykjavík	6626148
	Jóhann Sigurbjörnsson	prestur	Hjallavegi 6 630 Hrísey	4661733
	Þorbjörg Jónsdóttir	þjónn	Bakkastíg 3 101 Reykjavík	6591981
	Eva Anna Þórsdóttir	kennari	Kaplaskjólsvégi 4 107 Reykjavík	5653547
	Þórarinn Þórarinsson	nemi	Grænuhlíð 22 105 Reykjavík	5658612
	Orri Haraldsson	fiðluleikari	Nesvegi 113 170 Seltjarnarnes	5552404
	Bylgja Dís Gunnardóttir	læknir	Mariubakka 9 109 Reykjavík	8951240
	Sveinn Ingason	bifvélavirki	Aðalgötu 1 340 Stykkishólmur	5653547
	Óskar Sigfinnsson	matreiðslumaður	Bárðarási 2 360 Hellissandur	8551240

3. Stór/lítill stafur. Leiðréttu textann.

ég fór til kaupmannahafnar um daginn með línu vinkonu minni. lína er dönsk en hún er alin upp á Íslandi. Hún þekkir samt marga dani og talar góða dönsku. Við bjuggum báðar á raufarhöfn þegar við vorum litlar en frá því við vorum sjö ára höfum við verið kópavogsbúar.

Háskóli Íslands

Fleiri og fleiri erlendir háskólastúdentar koma til að stunda nám við Háskóla Íslands. Margir eru í doktorsnámi, enn fleiri eru í mastersnámi en flestir eru í grunnnámi. Flestir læra íslensku sem annað mál á Hugvísindasviði, en ekki allir. Margir stunda nám á öðrum sviðum, t.d. í jarðfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði eða í þjóðfræði á Félagsvísindasviði.

Kurt er frá Danmörku og er að vinna á veitingahúsi í Reykjavík. Hann er óánægður í vinnunni. Það er mikið að gera allan daginn og hann er stressaður og alltaf þreyttur. Hann talar smá íslensku en enginn talar við hann íslensku í vinnunni. Fæstir sem vinna með honum eru Íslendingar og allir tala bara ensku við hann. Hann er leiður á vinnunni en líður samt vel á Íslandi. Hann ætlar að búa áfram hér og læra íslensku sem annað mál í Háskóla Íslands. Hann er að byrja á fyrsta ári í ágúst.

Hann er spenntur að byrja í náminu og hlakkar til að hitta alla hina nemendurna en hann er svolítið kvíðinn fyrir málfræðinni. Hann fer á vef Háskóla Íslands og les svolítið um námið.

Kennsluárið í Háskóla Íslands byrjar í lok ágúst og endar í maí. Kennsluárinu er skipt í tvö misseri, haustmisseri, sem byrjar í ágúst, og vormisseri, sem byrjar í janúar. Kennslumisserin eru 13 vikur. Fyrst er kennt í sex vikur, svo er verkefnavika í eina viku og að lokum er kennt í sex vikur. Eftir það byrjar próftímabilið, haustmisserisprófin eru í desember og vormisserisprófin eru í maí. Nemendur þurfa líka oft að fara í próf eða leysa verkefni í verkefnavikunni á miðju kennslumisseri.

Verkefni 1.3

1. Allar sagnirnar í textanum eru formlega í nútíð. Stundum er merkingin þó framtíð eða dvalarhorf eins og í dæmunum hér að neðan. Finndu dæmi um nútíð, dvalarhorf og framtíð í textanum.

- nútíð: Hann *les* (alltaf / stundum) mikið
- dvalarhorf: Hann *er að lesa* (núna / í dag)
- framtíð: Hann *ætlar að lesa* í kvöld

2. Paraðu saman andheiti:

ég er ánægður/ánægð	ég er kvíðinn/kvíðin
ég er glaður/glöð	ég er leiður/leið
ég er hress/hress	ég er óánægður/óánægð
ég er rólegur/róleg	ég er stressaður/stressuð
ég er spenntur/spennt	ég er þreyttur/þreytt
ég hlakka til	mér er alveg sama
mér líður vel	mér líður illa

3. Búðu til fjórar setningar með lýsingarorðunum í 2.

4. Talið saman.

- Hvað hlakkar þú til að gera á Íslandi í vetur? *Ég hlakka til að ...*
- Hvernig líður þér í dag?
- Ertu syfjaður/syfjuð?

- Ertu ánægður/ánægð?
- Ertu oft stressaður/stressuð?
- Ertu spenntur/spennt að búa á Íslandi?
- Ertu þreyttur/þreytt?
- Ertu glaður/glöð í dag?
- Ertu kvíðinn/kvíðin að búa á Íslandi?
- Ertu hress?

5. Skoðaðu orðin. Finndu orð með andstæða merkingu. Hvaða orð hafa sömu eða líka merkingu?

allir, enginn, fáir, fleiri, flestir, færri, fæstir, margir

allir ≠ _____

fáir ≠ _____

fleiri ≠ _____

flestir ≠ _____

